

# Starfsreglur endurskoðunarnefndar Frjálsa lífeyrissjóðsins

## 1. gr.

### MARKMIÐ

Markmið endurskoðunarnefndar Frjálsa lífeyrissjóðsins er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar. Störf og ábyrgð endurskoðunarnefndar breyta í engu ábyrgð og skyldum stjórnenda lífeyrissjóðsins og stjórnar hans samkvæmt lögum.

## 2. gr.

### NEFNDARMENN

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn lífeyrissjóðsins. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir ársfund og skal starfa fram að næsta ársfundi. Nefndin skal kjósa eða tilnefna formann, sem kemur fram fyrir hönd nefndarinnar. Stjórn ákvarðar þóknun nefndarmanna.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður lífeyrissjóðnum og daglegum stjórnendum hans. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins og aðrir daglegir stjórnendur hans skulu ekki eiga sæti í nefndinni. Stjórn metur óhæði nefndarmanna í samræmi við skilgreiningu á óháðum stjórnarmönnum í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Komi til þess að formaður stjórnar sitji í nefndinni skal hann ekki gegna embætti nefndarinnar. Þannig skal framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og formaður endurskoðunarnefndar ekki vera sami einstaklingurinn. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Allir nefndarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þessum er þeir taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn. Þeim skal jafnframt gerð aðgengileg gögn sem teljast nauðsynleg nefndarmönnum í starfi sínu, í skriflegri eða rafrænni útgáfu.

## 3. gr.

### HEIMILDIR

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan lífeyrissjóðsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum.

Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, ytri og innri endurskoðendum og hefur heimild til að kalla til stjórnendur og starfsmenn á fundi nefndarinnar. Hún getur óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim sem nauðsynlegar eru til að nefndin geti sinnt starfi sínu.

Endurskoðunarnefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar frá utanaðkomandi sérfræðingum eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt skyldur sínar en nefndin skal upplýsa stjórn fyrirfram sé slíkt gert.

Starfsmenn lífeyrissjóðsins skulu hafa óheftan aðgang að endurskoðunarnefnd.

4. gr.

#### ÁBYRGÐ

Endurskoðunarnefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar lífeyrissjóðsins, stjórnenda hans og ytri og innri endurskoðenda hans í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.

Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 7.gr. þessara reglna og í samræmi við 108.gr.b.laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

5. gr.

#### HÆFI

Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að stjórnsýslulögum nr. 37/1993, II. kafla. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

6. gr.

#### FUNDIR

Endurskoðunarnefnd skal halda að lágmarki fjóra fundi á ári. Formaður nefndar boðar til fundar að eigin frumkvæði eða að ósk annars nefndarmanns, framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins, innri endurskoðanda eða ytri endurskoðanda hans. Dagskrá og öðrum fundargögnum skal dreift til nefndarmanna með að jafnaði tveggja daga fyrirvara. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur lífeyrissjóðsins, innri endurskoðendur eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar. Að lágmarki árlega skal nefndin hitta innri og ytri endurskoðendur án þess að stjórnendur séu viðstaddir. Framkvæmdastjóri skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.

Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af fundarmönnum og afrit afhent nefndarmönnum og stjórn. Fundargerðir skulu varðveittar í númeraröð.

Á fyrsta fundi eftir ársfund lífeyrissjóðsins skal endurskoðunarnefnd setja sér starfsáætlun fyrir starf endurskoðunarnefndar innan ársins sem tryggir að allir þættir sem nefndinni ber að sinna sé sinnt, sbr. 7. gr. þessara reglna.

7. gr.

#### VERKEFNI

Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli lífeyrissjóðsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda lífeyrissjóðsins eins og nánar er tilgreint hér á eftir og í samræmi við 108. gr.b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga:

### *1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.*

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil og helstu álitaefni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum lífeyrissjóðsins við gerð ársreiknings og árs Slutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp milli stjórnenda og endurskoðenda við reikningsskilagerðina.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir skýrslu stjórnar lífeyrissjóðsins áður en hún er gefin út.

Endurskoðunarnefnd skal tryggja að skýrslugjöf til opinberra aðila (m.a. til Fjármálaeftirlitsins) sé með trygghum hætti.

### *2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustjórnun.*

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn lífeyrissjóðsins tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að lífeyrissjóðurinn hafi innleitt viðeigandi innra eftirlit sem tekur á áhættum í starfsemi og að þessir innri eftirlitsþættir virki á áhrifaríkan hátt. Nefndin yfirfer með stjórnendum lífeyrissjóðsins, innri endurskoðendum og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring sé nægjanleg hverju sinni.

Nefndin fer yfir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Hún fer yfir innri endurskoðunaráætlun og niðurstöður innri endurskoðunar ársins. Nefndin tryggir enn fremur að ekki séu til staðar takmarkanir sem hamla störfum innri endurskoðenda. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi innri endurskoðun.

Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

### *3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.*

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur lífeyrissjóðsins og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun.

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur lífeyrissjóðsins og fara yfir helstu niðurstöður endurskoðunarvinnunnar. M.a. skal spyrja að því hvort sérstök atriði komu upp við endurskoðunina sem endurskoðendur vilja vekja athygli á, hvort ágreiningur hafi komið upp milli endurskoðenda og stjórnenda og hvort endurskoðendur hafi fengið þann aðgang að upplýsingum sem þeir óskuðu eftir við endurskoðunina. Nefndin skal sömuleiðis afla upplýsinga frá stjórnendum lífeyrissjóðsins hvort þeir hafi athugasemdir við endurskoðunina í samræmi við starfsemi lífeyrissjóðsins. Endurskoðunarnefnd skal fá til yfirferðar skýrslur um endurskoðunarvinnuna og endurskoðunarskýrslu. Í skýrslunni skulu koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti sbr. 108. gr.d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp í tengslum við endurskoðunina.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir að farið hafi verið að lögum um endurskoðun, m.a. lög nr. 79/2008 um endurskoðendur og lög nr. 3/2006 um ársreikninga, einnig alþjóðlega endurskoðunarstaðla ISA.

Í lok fundarins skulu stjórnendur lífeyrissjóðsins víkja af fundi og endurskoðunarnefnd fundar einslega með endurskoðendum.

*4. Mat á óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis.*

Við mat á óhæði ytri endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis skal nefndin fylgja viðmiði liðar 2.3. í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðun sé fylgt, m.a. að endurskoðandi lífeyrissjóðsins taki sér hlé frá endurskoðun hans í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið og að endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Endurskoðunarnefnd skal móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda árlega að hann sé óháður lífeyrissjóðnum. Nefndin skal ennfremur afla upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir lífeyrissjóðnum og leggja mat á hvort sú þjónusta sé ógnun við óhæði hans. Nefndin skal athuga hvort endurskoðunarfyrtækið birti árlega á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi, sbr. 29. gr. laga nr. 79/2008.

Í mati endurskoðunarnefndar á óhæði endurskoðanda skal nefndin gæta þess að endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki eiga að vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

*5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.*

Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

*6. Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar.*

Endurskoðunarnefnd skal árlega fyrir ársfund sjóðsins gefa skýrslu til stjórnar um störf og niðurstöður verkefna nefndarinnar á árinu.

8. gr.

TRÚNAÐAR- OG ÞAGNARSKYLDA

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar málefni lífeyrissjóðsins, viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna lífeyrissjóðsins eða önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Nefndarmönnum er óheimilt að nýta þær upplýsingar og þau gögn sem þeir fá vegna starfa sinna fyrir lífeyrissjóðinn í öðrum störfum sínum ótengdum lífeyrissjóðnum.

Nefndarmaður skal varðveita tryggilega þau gögn sem hann fær afhent frá lífeyrissjóðnum í tengslum við starf sitt. Þegar hann hættir störfum skal hann sjá til þess að gögn, sem hann hefur móttækið í sambandi við nefndarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

9. gr.

ÚRSÖGN ÚR ENDURSKOÐUNARNEFND

Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr endurskoðunarnefnd. Þá er meirihluta stjórnar lífeyrissjóðsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án fyrirvara. Stjórn

Lífeyrissjóðsins skal skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri í stað þess sem víkur sæti og innan mánaðar.

10. gr.

ANNAÐ

Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða lífeyrissjóðinn.

Reykjavík, 21. september 2016

Samþykkt: